



HRUNAMANNAHREPPUR

47. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 3. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 8. MARS 2018

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 8. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð 152. fundar skipulagsnefndar frá 8. mars. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Aðalskipulag: Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna Efra-Langholts.
2. Ferðapjónustuaðilar á Kili: Erindi vegna orkuskipta.
3. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að verkefnaáætlun vegna stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
4. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Skyggis.
5. Brú Lífeyrissjóður. Uppgjör vegna lífeyrisskuldbindinga fyrir stofnanir Héraðsnefndar Árnesinga, Ferðamálafultrúa Uppsveita, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og félagsþjónustu Laugaráslæknishéraðs.
6. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna stofnana Héraðsnefndar Árnesinga.
7. Áfangastaðaráætlun DMP á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni.
8. Verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðaás.
9. Samningar um refa- og minkaveiðar í Hrunamannahreppi.
10. Vegagerðin: Minnisblað vegna fundar með Vegagerðinni.
11. Ferðapjónusta uppsveitanna: Stefnumótun.
12. Endurnýjun yfirdráttarheimildar.
13. Samband íslenskra sveitarfélaga: Breytingar á mannvirkjalögum.
14. Gjálp félag áhugafólks um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu við Þjórsá: Erindi.
15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
16. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bætt stjórnarsýslu í umgengismálum.
17. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).
18. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.
19. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (fylgdarlaus börn).
20. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis)
21. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
22. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis orku.
23. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.
24. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög á frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum tengdum fiskeldi.
25. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 2018
26. Næsti fundur sveitarstjórnar.

27. Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Samráðsfundur.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

28. Fundargerð 150. fundar skipulagsnefndar frá 8. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 31. janúar s.l.

Mál nr. 11. Klúftir, fyrirspurn um byggingar einbýlishús.

Mál nr. 12. Túnsberg. Stofnun lóðar.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

29. Fundargerð 151. fundar skipulagsnefndar frá 22. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 14. febrúar s.l.

Mál nr. 11. Núpstún, byggingarleyfi fjós, umsókn.

Mál nr. 12. Afgreiðslur byggingafulltrúa

30. Stjórn UTU bs: Fundargerð 45. fundar stjórnar frá 31. ágúst 2017.

31. Stjórn UTU bs: Fundargerð 50. fundar stjórnar frá 22. febrúar 2018.

32. NOS: Fundargerð frá 22. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga 187. fundur fagráðs frá 2. febrúar s.l.

b. Fagráð Tónlistarskóla Árneseinga 188. fundur fagráðs frá 27. febrúar s.l.

c. SASS: Fundargerð 528. fundar stjórnar frá 11. og 12. janúar s.l.

d. SASS: Fundargerð 529. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.

e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 184. fundar stjórnar frá 28. janúar s.l.

f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 263. fundar stjórnar frá 30. janúar s.l.

g. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Kynningarmál:

h. LBHÍ: Metanvinnsla.

i. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 856. fundar stjórnar frá 26. janúar s.l.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 857. fundar stjórnar frá 23. febrúar s.l.

l. Landgræðsla ríkisins: Afgreiðsla umsóknar til Landbótarsjóðs 2018.

m. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2017.

n. Ásæll: Ársreikningur 2017.

o. Kerlingarfjallavinir. Fréttabréf.

p. Umhverfisstofnun: Birting skýrslna um meðhöndlun úrgangs.

q. Ferðamálafulltrúi: Samráðsgátt, opið samráð stjórnvalda við almenning.

r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

s. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur.

t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingin vegna bókunar sveitarstjórnar Grímsnes og Grafningshrepps um lífeyrismál.

Fundir framundan:

u. Jafnréttisþing 7.-8. mars n.k.

v. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 12. mars n.k.

w. Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum 19. mars n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Aðalskipulag: Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna Efra-Langholts.**

Oddviti kynnti að nýju beiðni frá eigendum Efra-Langholts um að aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 verði breytt þannig að 10 ha spilda úr jörðinni verði breytt úr landbúnaðarnotkun í frístundasvæði þar sem gert væri ráð fyrir 10 frístundahúsalóðum. Spildan afmarkast af Langholtsvegi og liggur að frístundalóðum að Sunnuholti 1-3, landi Lindarsels og Efra-Langholti. Svæðið kæmi til stækkunar á núverandi frístundasvæði F16 í gildandi aðalskipulagi. Spildan er að hluta skilgreind sem landbúnaðarlandi í flokki 1 og 3 í aðalskipulaginu. Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem ekki er heimilt skv. gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps að reisa frístundabyggð á landbúnaðarlandi í flokki 1.

2. **Ferðapjónustuaðilar á Kili: Erindi vegna orkuskipta.**
Oddviti kynnti erindi frá ferðapjónustuaðilum á Kili um lagningu rafmagnsjarðstrengs og ljósleiðara yfir Kjöl til að þjóna m.a. Kerlingarfjöllum til að skipta yfir í umhverfisvænni orkugjafa. Jafnframt er óskað eftir aðkomu sveitarfélagsins að fjármögnun verkefnisins. Sveitarstjórn fagnar hugmyndinni og telur hana skynsamlega, bæði út af umhverfislegum áhrifum, uppbyggingu hálandismiðstöðvar og öryggi á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir að koma að fjármögnun verkefnis með einhverjum hætti þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um heildarkostnað hans og þáttöku annarra opinberra aðila.
3. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að verkefnaáætlun vegna stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um drög að verkefnaáætlun vegna stefnumarkandi landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Sveitarstjórn fagnar áætluninni en telur mikilvægt að fjármagn fylgi fyrirheitunum.
4. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Skyggis.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstarleyfi vegna heimagistingar að Skyggni. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni.
5. **Brú Lífeyrissjóður. Uppgjör vegna lífeyrisskuldbindinga fyrir stofnanir Héraðsnefndar Árnesinga, Ferðamálafulltrúa Uppsveita, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og félagsþjónustu Laugaráslæknishéraðs.**
Oddviti kynnti uppgjör vegna lífeyrisskuldbindinga við Brú Lífeyrissjóð fyrir stofnanir og samlög sem Hrunamannahreppur tengist. Er þá átt við stofnanir Héraðsnefndar Árnesinga, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Ferðamálafulltrúa og síðan uppgjör við Hrunamannahrepp vegna félagsþjónustu tengda Laugarási.
6. **Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna stofnana Héraðsnefndar Árnesinga.**

Hrunamannahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku eftirfarandi stofnana Héraðsnefndar Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga, hlutur Hrunamannahrepps er samtals 67.300.000 kr. sem skiptist á eftirfarandi stofnanir :

Brunavarnir Árnessýslu	að fjárhæð 15.900.000 kr
Byggðasafn Árnesinga	að fjárhæð 14.300.000 kr.
Héraðsskjalasafn Árnesinga	að fjárhæð 10.700.000 kr.
Listasafn Árnesinga	að fjárhæð 4.300.000 kr.
Tónlistarskóli Árnesinga	að fjárhæð 22.100.000 kr.

til allt að 40 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu, Byggðasafni Árnesinga, Héraðsskjalasafni Árnesinga, Listasafni Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga. Hrunamannahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá uppgjöri við Brú Lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu, Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktu stofnananna sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hrunamannahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu, Byggðasafni Árnesinga, Héraðsskjalasafni Árnesinga, Listasafni Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hrunamannahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

- Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hrunamannahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.
8. **Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni.**
Oddviti kynnti drög að áfangastaðaáætlun Suðurlands sem er send til umsagnar og athugasemda.
 9. **Verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðaás.**
Oddviti fór yfir viðbrögð við auglýsingu eftir samstarfsaðila vegna uppbyggingar á verslunar- og þjónustusvæði á Högnastaðaás á Flúðum. Ein umsókn barst frá Heilsuþorpinu á Flúðum. Hrunamannahreppur samþykkir að gefa Heilsuþorpinu á Flúðum frest út aprílmánuð 2018 til að skila inn frekari upplýsingum um útfærslu á hugmyndum sínum um nýtingu svæðisins.
 10. **Samningar um refa- og minkaveiðar í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði fyrir árið 2018 við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum og útfærslu þeirra.
 11. **Vegagerðin: Minnisblað vegna fundar með Vegagerðinni.**
Oddviti kynnti minnisblað vegna fundar með fulltrúa Vegagerðarinnar þann 5. febrúar s.l. vegna vetrarþjónustu og annarra mála í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn telur afar brýnt að vetrarþjónusta verði aukin á Skeiða- og Hrunamannavegi frá Flúðum að Brúarhlöðum. Þá telur sveitarstjórn aðkallandi að koma upp hringtorgi á Flúðum og endurnýja Langholtsveg í gegnum Flúðir en vegurinn er ónýtur og hringtorg er afar brýnt, bæði af öryggisástæðum og einnig vegna uppbyggingar í miðbæ Flúða.
 12. **Ferðaþjónusta uppsveitanna: Stefnuótun.**
Oddviti kynnti yfirlit um verkefni Ferðamálafulltrúa Uppsveita vegna ársins 2017. Sveitarstjórn þakkar Ásborgu ferðamálafulltrúa fyrir greinargóða skýrslu og góð störf.
 13. **Endurnýjun yfirdráttarheimildar.**
Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út í lok mars mánaðar verði framlengd til eins árs og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárþörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.
 14. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Breytingar á mannvirkjalögum.**
Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á mannvirkjalögum, m.a. vegna fyrirhugaðra breytinga um faggildingu á yfirferð teikninga og úttekta. Sveitarstjórn tekur undir allar athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga og telur einsýnt að fresta eigi gildistöku þessara breytinga. Meta þarf þörfina og hvort hugmyndin um faggildingu sé framkvæmanleg. Þá þyrfti að framkvæma kostnaðarmat því augljóslega myndi byggingarkostnaður hækka verulega.
 15. **Gjálp félag áhugafólks um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu við Þjórsá: Erindi.**
Oddviti kynnti beiði um styrk frá Gjálpi, félags áhugafólks um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu til þess að halda opinn kynningarfund til að kveikja áhuga ungs fólks á sveitarstjórnarmálum. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 40.000 og verður sá kostnaður bókaður á deild 1380.
 16. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til sveitarstjórnarlaga.
 17. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um bættu stjórnarsýslu í umgengnismálum.
 18. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögur til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).

19. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögur til þingsályktunar um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta.
20. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (fylgdarlaus börn).**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga.
21. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga (réttur barna til dvalarleyfis)**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendingar (réttur barna til dvalarleyfis).
22. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
23. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis orku.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis orku.
24. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.
25. **Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum tengdum fiskeldi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá atvinnu og nýsköpunarráðuneyti um drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum tengdum fiskeldi.
26. **Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 2018.**
Oddviti ræddi undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga sem haldnar verða 26. maí n.k. Samþykkt að kjörstaður verði í Félagsheimilinu á Flúðum. Þá var rætt um mögulegan stuðning við framboðslista sem kæmu fram. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða ókeypis aðgang að félagsheimilinu til fundarhalda í samráði við húsvörð og jafnframt verði framboðslistum gefinn kostur á fjárstyrk að upphæð kr. 50.000 til undirbúnings og kynningar. Kostnaður verði bókaður á deild 2111.
27. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 11. apríl nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.
28. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Samráðsfundur.**
Á fundinn mæta fulltrúar Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, þau Sigríður Helga Steinsgrímsdóttir, Máni Snær Benediktsson, Rúnar Guðjónsson, Viktor Máni Sigurðsson, Anna Marý Karlsdóttir, Birgir Janusz Kuc og Maja Roldsgard forstöðumaður Zero, en skv. samþykktum Ungmennaráðsins er gert ráð fyrir árlegum samráðsfundi með sveitarstjórn. Sveitarstjórn þakkar Ungmennráðinu fyrir góðan fund og gott innlegg inn í málefni sveitarfélagsins.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

29. **Fundargerð 150. fundar skipulagsnefndar frá 8. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 31. janúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 150. fundar skipulagsnefndar frá 8. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:
Mál nr. 11. Klúftir, fyrirspurn um byggingar einbýlishús.
Lögð fram fyrirspurn eiganda Klúfta, lnr. 166791, um hvort verði heimilt að byggja heilsárshús/íbúðarhús á jörðinni.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem fyrir þarf að liggja afstaða hagsmunaaðila varðandi vegtengingar við Klufti og felur skipulagsfulltrúa að vera í sambandi við viðkomandi aðila.

Mál nr. 12. Túnsberg. Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn eiganda Túnsbergs um stofnun 8.720m² lóðar úr landi Túnsbergs, Inr. 166835, sem fái heitið Túnsberg 5 en innan lóðarinnar er hesthús sem byggt var 2012.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar eða landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. janúar s.l.

30. Fundargerð 151. fundar skipulagsnefndar frá 22. febrúar s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 14. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 151. fundar skipulagsnefndar frá 22. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 11. Núpstún, byggingarleyfi fjós, umsókn.

Lögð fram umsókn eiganda Núpstúns um byggingarleyfi fyrir 748,7m² fjósi í landi Núpstúns, Inr. 166811.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við umsóknina og mælir með að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa með fyrirvara um umsögn Minjastofnunar og þá þarf ef gert er ráð fyrir aðkomu beint af Skeiða- og Hrunamannavegi að leita umsagnar Vegagerðarinnar.

Mál nr. 12. Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. febrúar s.l.

31. Stjórn UTU bs: Fundargerð 45. fundar stjórnar frá 31. ágúst 2017.

Oddviti kynnti fundargerð 45. fundar stjórnar UTU bs. frá 31. ágúst 2017. Þar var lagt fram til kynningar minnisblað um stöðu átaksverkefnis um skráningu mannvirkja og farið yfir helstu verkefni tæknisviðs undanfarna mánuði. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

32. Stjórn UTU bs: Fundargerð 50. fundar stjórnar frá 22. febrúar 2018.

Oddviti kynnti fundargerð 50. fundar stjórnar UTU bs. Þar var ákveðið að framlengja umsóknarfrest um starf skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

33. NOS: Fundargerð frá 22. febrúar s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð frá 22. febrúar NOS. Þar var farið yfir skiptingu skuldbindinga vegna Brúar lífeyrissjóðs, farið yfir uppgjör Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls, farið yfir tillögur um stuðning við skóla/fræðslunefndir sveitarfélaganna og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

34. Fundargerð 152. fundar skipulagsnefndar frá 8. mars s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 28. febrúars.l.

Oddviti kynnti fundargerð 152. fundar skipulagsnefndar frá 8. mars s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 11. Suðurbrún 10. Miðsvæði Flúða. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi á miðsvæði Flúða sem nær til lóðarinnar Suðurbrún 10 en í breytingunni felst að lóðin er minnkuð úr 6.858m² í 1.200m² til samræmis við lóðarleigusamning.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við breytinguna og er hún að mati sveitarstjórnar óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá er ekki talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12. Mela. Miðsvæði Flúða og garðyrkjulóðir. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn eiganda Mela um breytingu á deiliskipulagi á miðsvæði Flúða sem nær til lands Mela. Er gert ráð fyrir að afmarka byggingarreiti fyrir allt að 10 starfsmannahús sem geta verið allt að 80m² að stærð. Þá er einnig gert ráð fyrir

breytingum á vegum innan svæðisins. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að vegna umfangs fyrirhugaðrar byggðar sé forsenda deiliskipulagsbreytingarinnar að gerð verði breyting á aðalskipulagi svæðisins úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði.

Mál nr. 13. Frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum. Umsagnarbeiðni.

Lagt fram frumvarp til breytinga á mannvirkjalögum sem varðar stjórnarsýslu við mannvirkjagerð o.fl. Þá var jafnframt lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og vísar að öðru leyti í lið 14 hér að ofan.

Mál nr. 14: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga 187. fundur fagráðs frá 2. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga 188. fundur fagráðs frá 27. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 528. fundar stjórnar frá 11. og 12. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð 529. fundar stjórnar frá 2. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 184. fundar stjórnar frá 28. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 263. fundar stjórnar frá 30. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 27. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. **LBHÍ: Metanvinnsla.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 856. fundar stjórnar frá 26. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 857. fundar stjórnar frá 23. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Landgræðsla ríkisins: Afgreiðsla umsóknar til Landbótarsjóðs 2018.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Ásæll: Ársreikningur 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Kerlingarfjallavinir. Fréttabréf.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Umhverfisstofnun: Birting skýrslna um meðhöndlun úrgangs.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **Ferðamálafulltrúi: Samráðsgátt, opið samráð stjórnvalda við almenning.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Mennta- og Menningarmálaráðuneytið: PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur.**

Lagt fram til kynningar.

- t. Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingar vegna bókunar sveitarstjórnar Grímsnes og Grafningshrepps um lífeyrismál.**

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- u. Jafnréttisþing 7.-8. mars n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- v. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 12. mars n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- w. Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum 19. mars n.k.**

Lagt fram til kynningar.

- x. Atvinnumálþing Uppsveitanna á Borg 21.mars nk**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00.